

Mál nr. 323/2009

**M
og
váttryggingafélagi X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

Árekstur á hringtorgi á mótum Rjúpnavegs, Kóravegs og Ásakórs í Kópavogi þ. 2.9.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 16.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, er þeim var ekið um hringtorg á mótum Rjúpnavegs, Kóravegs og Ásakórs í Kópavogi. Rákust saman vinstra afturhorn A og hægra framhorn B. Af gögnum málsins má ráða að A hafi verið ekið eftir Kóravegi til suðvesturs og inn á hringtorgið. B hafi verið ekið eftir Rjúpnavegi til norðvesturs og inn á hringtorgið. Hafi áreksturinn svo orðið þegar bifreiðirnar voru staddar á milli Kóravegs og vestari mót Rjúpnavegar út úr hringtorginu. Aðeins ein akrein er í hringtorginu, en nokkuð breið.

Í skýrslu ökumanns A um atvikið segir að hann hafi verið að beygja út úr hringtorginu, eða átt einn metra eftir, er hik hafi komið á hann þar sem hann velti fyrir sér hugsanlegum “vinstri rétt út úr hringtorginu.”

Í athugasemdum ökumanns B í tengslum við málskotið kveður hann A hafa verið ekið í veg fyrir sig er hann var kominn inn í hringtorgið.

Álit.

Aðstæður í hringtorginu hafa verið kannaðar af hálfu nefndarinnar. Samkvæmt afstöðumynd af vettvangi á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna eru bifreiðirnar sýndar í hringtorginu sem næst miðja vegu milli Kóravegs, þaðan sem A kom, og vestari móta Rjúpnavegs. Tiltölulega stutt leið er á milli þessara tveggja gatnamóta í hringtorginu. Jafnvel þótt rissmyndin sé ekki í réttum hlutföllum verður ekki fram hjá því litið að áreksturinn varð í kjölfar þess að A var ekið inn á hringtorgið. Með því að ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð þeirri sem var á leið um hringtorgið hefur hann, eins og hér stóð á, sönnunarbyrði um það að áreksturinn verði rakinn til annarra atvika en að hann hafi ekki virt biðskyldu gagnvart B. Sú sönnun hefur ekki tekist. Telst ökumaður A því eiga sök á árekstrinum. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á, er ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 20. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.